

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 9. febrúar 2021 í Guðmundarstofu.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Þórunn Eggertsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eyþórsson, Leifur Einar Arason og Einar Gíslason.

1. Brekknaás 9

Kjartan Guðbrandsson og Friðfinnur Hilmarsson hafa lýst yfir áhuga á að leigja Brekknaás 9. Stjórn samþykkir að leigja húsið. Formaður og framkvæmdastjóri er falið að semja við þá um leigu.

2. Félagsheimili Fáks

Fyrirspurn hefur borist um hvort félagsheimili Fáks sé til útleigu. Formanni og framkvæmdastjóra er falið að ræða við viðkomandi.

3. Mót

Samkvæmt dagskrá er næsta mót vetrarleikar Fáks þann 20. febrúar. Ekki er talin ástæða til að halda mót fyrir þá dagsetningu.

4. Auglýsingar í bók og myndir

Kaupa þarf myndir frá Þjóðmynjasafninu að upphæð 172.480 kr. Stjórn samþykkir kaupin.

Ritnefnd Fáks ræddi á fundi 2. febrúar síðastliðinn að hafa fremst í fyrirhugaðri bók um sögu Fáks afmæliskefjur frá einstaklingum og fyrirtækjum sem birtist fremst í bókinni. Yrði þetta góð fjáröflun til útgáfu bókarinnar.

5. Umferðarhraði í Almannadal

Stjórn samþykkir að senda inn erindi á Reykjavíkurborg um að lækka hámarkshraða í 30 kílómetra á klukkustund.

Fundi slitið 18:15

Fundargerð ritaði Einar Gíslason